

SKÝRSLA STARFSMANNA SKÓGRÆKTAR RÍKISINS

I

ÞÓRSMÖRK SUMARIÐ 1981

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	1
FERÐAMÁL	1
Rukkanir	1
Umgengni	2
Tjaldsvæði	2
Sorp	3
Vatnsföll	3
Fjöldi gesta	4
HÚSNÆÐI	4
GIRÐINGAR OG SAUÐFÉ	4
Viðhald girðinga	4
Endurbætur	5
Sauðfé og smalanir	5
Beitarskemmdir	5
Girðingarefni	5
LOKAORÐ	6

INNGANGUR

Markmið þessarar skýrslu sem og fyrr er að gera grein fyrir því starfi sem unnið var í Þórsmörk sumarið 1981.

Skýrslan inniheldur upplýsingar um sumarstarfið og ábendingar um lausn þeirra mála sem hæst bera.

Starfsmenn Skógræktar Ríkisins í Þórsmörk voru Kristján Sigurðsson og Róbert Mc Kee.

Starfsemin hófst 4. júní um Hvítasunnuhelgina og stóð óslitið fram að ágústlokum. Starfið fólst einkum í eftirfarandi: viðhaldi girðinga og afskiptum af sauðfé, rukkun tjaldgjalda og eftirliti með tjaldstæðum, sorptínslu og sorpeyðingu, umhirðu skóga og landvernd, og að veita ferðamönnum upplýsingar og aðstoð.

FERÐAMÁL

Sumarvinnan hófst með aðstoð og afskiptum af gestum Þórsmerkur um Hvítasunnuhelgina. Margt furðu atvikið átti sér stað um þessa helgi. Svo sem að 2.000 gestir voru þegar mest var um manninn. Þessi Hvítasunnuhelgi hefur fengið nóga umfjöllun í fjölmiðlum svo ekki verður fjallað um hana sérstaklega hér.

Rukkanir

Gestir Þórsmerkur þurfa að greiða sérstakt tjaldgjald fyrir dvöl sína á svæðinu. Mest var að gera um helgar hvað innheimtu-tjaldgjalda varðar en þá sem aðra daga var gengið í hvert einasta tjald eða farastjórar hópa rukkaðir. Að öllu jöfnu gekk innheimtan vel fyrir sig. Þetta er mjög tímafrekt verk og má segja að sé hálfgerður þirnir í augum Þórsmerkurgesta.

Um Hvítasunnu- og verslunarmannahelgina fengum við aðstoð frá Björgunarsveitinni Dagrenningu á Hvolsvelli við rukkunarstörf. Þetta gaf góða raun og er vissulega vert að halda þessu samstarfi áfram. Því um slíkar helgar er brín þörf á öflugum aðstoðar- og sjúkraliði til handa þeim sem ekki kunna fótum sínum forráð.

Um gengni

Að öllu jöfnu er um gengni manna um landið góð. Þar má greina menn í hópa eftir þjóðerni og stærð hópanna. Það verður að viðurkennast að stór hluti einstaklinga í hópferðum gengur fremur slælega um. Einkum telja þeir að tjaldgjaldið sem þeir greiða sé dulbúið sorphreinsunargjald. Því skeyta þeir ekki um að ganga sómarsamlega um eftir sig. Dæmi eru til um það hverning miskilningur og hugsunarleysi ferðafólks veldur óhreinun lands. Til mikilla bóta væri ef sett yrðu upp skilti við rimlahliðið á Krossáraurum og við Húsadal með leiðbeiningum til ferðafólks og hvers er af því krafist í sambandi við almenna um gengni, frágang tjaldstæða, eldstæða o.fl.

Erlendir ferðamenn ganga undantekningalaust mjög vel frá. Þeir virðast vera þeir einu sem skilja að óbyggðir eru ekki öskuhaugur og taka jafnvel sitt sorp með til byggða.

Það er því hálfgerð uppalandahlutverk sem landverðir taka að sér þegar þeir taka á móti landanum um helgar. Flestir taka leiðsögn en oft reynist erfitt að kenna gömlum hundi að sitja. Ekki má gefa eftir á þessum vígstöðum því lengi býr að fyrstu gerð.

Tjaldsvæði

Astand tjaldstæða var mjög mismunandi í byrjun sumars, fór það aðallega eftir því hversu mikið álag hafði verið á þessum ákveðnum svæðum sumarið áður. Einnig komu þau misvel undan vetri því víða voru kalskemmdir á tjaldsvæðum.

Verst var ástandið í Langadal, Básun, Slyppugili og Bolagili (Fremra Litlaendagili). Víða á þessum stöðum var gróður það snauður og viðkvæmur að í raun hefði átt að loka þessum svæðum allt sumarið. Þau þola engan veginn þann ágang sem hlýst af ferðamönnum og er það í raun aðeins tímaspursmál að þessi svæði verði berir moldarflákar og leikfang hinna rjúfandi afla. Það er því brýn nauðsyn á að auka áburðargjöf á tjaldsvæðin snemma sumars til þess að gróðurinn taki fyrr við sér.

Stóriendi og Húsadalur eru einu svæðin sem virðast þola meiri notkun. Það varð töluverð aukning gistinátta á Húsadalssvæðinu en tjaldsvæðum þarf að stjórna mjög vel svo ekki hljóttist skaðar af. Stóriendi hefur ekki sama aðdráttarafl sem önnur tjaldstæði vegna fjarlægðar frá þjónustumannvirkjum Ferðafélagsins í Langadal. Stóriendi verður í framtíðinni að mæta auknum þunga ferðamanna sem vilja gista Mörkina.

Sorp

Í Þórsmörk eru 4 brennsluofnar 1 er í Húsadal, 2 í Langadal, á vegum F.I., og 1 í Básun. Höfðu ofnarnir vel við að eyða því sem til féll af rusli. Það sama er ekki hægt að segja um ruslaílatin, en þau hafðist ekki við að tæma þegar mest lét. Nokkuð er um að fólk taki með sér sitt rusl aftur til byggða. Er það vel og til eftirbreytni og í raun ætti að krefjast þess að fólk taki sitt sorp með heim.

Vatnsföll

Á leið í Þórsmörk er yfir nokkuð mörg vatnsföll að fara áður en fólk kemst á ákvörðunarstað. Árnar eru sífellt að breyta um svip og er því erfitt að ákvarða ákveðin vöð sem nota skal. Verðir skógræktarinnar reyndu að halda í þá reglu að taka ekki ábyrgð á vöðum, heldur benda mönnum á hættur sem af akstri í vatnsföllum stafa. Óvönnum ökumönnum er enginn greiði gerður með því að benda þeim á góð vöð, því að vöð geta breyst á nokkrum klukkustundum. Einnig getur ónákvæm tilsögn valdið óhappi. Árnar breyta sér mest síðla sumars og í stórrigningum. Geta þær því orðið stórvarasamar einkum þeim sem kunna ekki að meta það hvort árnar séu færar eða ekki. Útlendingar eru flestir óvanir að aka við þær aðstaður sem þeir mæta á leið sinni í Mörkina. Því er það eitt mikilvægasta í starfi okkar að vaka yfir vatnsföllunum og að reyna að byrgja brunninn. En það er ekki nóg að vaka yfir vatnsföllunum og reyna að hjálpa ef þörf krefur þegar tækjakostur við það starf er alls enginn. Þarf því nauðsynlega að ráða bót á því til að tryggja öryggi ferðamanna sem best.

Fjöldi gesta

Ekki var reynt að halda tölu á þeim fjölda gesta er heimsóttu Mörkina þetta sumarið. Er það allt of viðamikilið starf sem krefst mikillar skipulagningu ef árangur á að nást.

Samt sem áður mátti greina mikla aukningu á fjölda gesta í ágúst en þó sérstaklega hvað erlenda ferðamenn varðaði.

Það er nærri lagi að sami fjöldi gesta hafi komið í Mörkina, þrátt fyrir óhagstætt veðurfar.

HÚSNÆÐI

Í byrjun sumars var notast við hjólhýsi sem er í eign Skógræktarinnar. Þetta var nú harla fýsilegt húsnæði svo útvegaður var lítill vinnuskúr sem Skógræktin notar öflu jöfnu í Þjórsárdal. Reyndist hann allvel nema hvað heldur þröngt er í svona húsi þegar það á að þjóna sem svefnskáli, eldhús, verkfærageymsla o.fl. Staðsetning kofans var nú Merkurmegin undir Valahnjúk og reyndist sú staðsetning bærilega.

GIRÐINGAR OG SAUÐFÉ

Viðhald girðinga

Girðing sú sem á að varna því að sauðfé komist treglega inn í Mörkina var í lélegu ástandi um vorið. Mest var um skemmdir í giljum og lækjarfarvegum. Höfðu vatnavextir annað hvort grafið undan girðingunni eða kaffært hana t.d. í Rjúpnagili, Mógili og Tindfjallagili.

Svo var að sjá að Hvanná hefði rutt sér á ís um veturinn og sópað stórum hluta (ca. 300m) af girðingunni burt á aurunum er vísa á móti Valahnjúk.

Á Svínatungum var girðingun að mestu úr sér gengin og voru staurar, net og gaddavír sundur riðgað.

Endurbætur

Flokkur frá Skógræktinni á Suðurlandi kom skömmu eftir Hvítasunnu til að aðstoða okkur við girðingavinnuna þeim hluta sem er Þórsmerkurmeginn. Sú aðstoð var mikilvæg því það var orðin brýn þörf á að endurnýja girðinguna frá Svínatungum að Rjúpnagili eins og gert var. Gekk það vel og greiðlega fyrir sig. Eins og venjulega þá þarf að laga eða endurnýja girðingarstubba í öllum giljum.

Sauðfé og smalanir

Girðingin var sæmilega undir það búin að skila því hlutverki sem henni er ætlað. Það er nú svo að sumt fé er alið upp innan girðingar og það sækir stíft á að komast inn. Tveir starfsmenn geta treglega smalað út úr Mörkinni. Því urðum við að treysta á góðvild Merkurgesta í baráttunni við sauðkindina. Með því að síendurtaka smalanir og bæta girðinguna á viðeigandi stöðum tókst að halda sauðfé sæmilega frá Mörkinni.

Beitarskemmdir

Reynt var að bera á land á auranna fyrir framan Réttarfellið, til að lokka fé af þeim svæðum sem gróður er í vexti á viðkvæmum svæðum Góðlands. Þetta reyndist allvel og tókst þá einnig að hafa betri stjórn á smölun í Góðlandinu sem hafði reynst erfitt árið áður.

Girðingarefni

Lítið er um girðingarefni eftir þær miklu batur sem framkvæmdar voru í sumar sem leið.

LOKAORÐ

Það verður að segjast eins og er að það er mjög bindandi að starfa í Þórsmörk samfleitt í nær þrjá mánuði. Því er mikilvægt að gott samstarf náist við þá aðila sem ráða ferðinni og gangi mála. Einn af þessum aðilum er Ferðafélag Íslands sem hefur unnið nokkuð starf í því að kynna Mörkina, en hún er nú þannig staður að hana þarf varla að kynna. Sú starfsemi sem Ferðafélagið rekur hefur kosti og galla. En það hljómar hálf furðulega að þeir skuli hafa húsbóndavald í Langadal og nota það svæði eins og þeim einum hentar. Þessu þarf að breyta, þeir hugsa meir um að laða að sem flesta á sitt svæði og hafa af þeim sem mestar tekjur, án þess að hugleiða það hvort gróðurinn þoli slíka starfsemi. Tjaldsvæðið í Langadal er illa farið eftir starfsemi þá sem Ferðafélagið heldur uppi. Skálaverðir þeirra virðast hafa það mikið að gera í skála sínum að þeir, sinna ekki tjaldsvæðum sem skildi. Stjórnendur Ferðafélagsins virðast blindir í þeirri trú að skemmdir í Langadal séu ekki af völdum gesta sem þeir beri ábyrgð á. Það eina sem þeir hafa gert til viðhalds og varnar gróðri er að bera á snemma vors. En að loka tjaldsvæðum í takmarkaðan tíma virðist ekki koma til greina hjá þeim, því þá fækkar gestum í Langadal og um leið minnka tekjurnar. Svona er nú það.

Þegar litið er til baka yfir farinn veg í sumar þá er manni efst í huga að starfsemin gekk stóráfallalaust fyrir sig og sumarið leið án slysa eða óhappa. Já það er margt sem skeður á útivistarsvæði sem þessu, allt frá því að leita að týndu fólki í 20 tíma til rólegra sumarkvölda í faðmi náttúrunnar.